

Efnaeiming ehf.
Völuteig 8
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 24. september 2019

UST201901-254/S.M.

08.14.02

Fyrirvaralaust eftirlit í Efnaeimingu ehf.


Þann 19. júní sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Efnaeiming ehf. að Völuteig 8 í Mosfellsbæ. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar:

1. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki skráður hjá Umhverfisstofnun. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag hafs – og strandsvæða.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. október, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnaeiming ehf Seljavogi 14 Reykjanesbæ



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Efnaeiming ehf	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Seljavogi 14	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	670302-2880	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Bjarnason	ÍSAT nr.	38.22
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Efnaeiming hefur gilt starfsleyfi að Seljavogi 14 í Reykjanesbæ. Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar 25. maí 2016 var búnaður fyrirtækisins kominn í geymslu að Völuteig 8 í Mosfellsbæ og gerði Umhverfisstofnun athugasemd við að ekki hefði verið tilkynnt um rekstrarstöðvun til stofnunarinnar.

Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar 18. apríl 2018 kom í ljós að starfsemi var í gangi að Völuteig 8 í Mosfellsbæ. Starfleyfi eru bundin við heimilisfang og var því ljóst að þar var rekin starfsleyfisskyld starfsemi án starfsleyfis.

Umhverfisstofnun fór í fyrirvaralaust eftirlit að Völuteig 8 í Mosfellsbæ þann 19. júní s.l. Engin starfsemi var í gangi við vettvangsheimsókn, en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafði þar verið starfsemi í síðasta mánuði og fyrirhuguð var vinnsla á 15 tonnum af spilliefnum á staðnum. Rekstraraðili hefur í tölvupósti mótmælt því að eftir sé að vinna 15 tonn heldur sé um að ræða 5 tonn af spilliefnum sem bíði vinnslu.

Samkvæmt upplýsingum úr fyrri eftirlitum sem og upplýsingum frá rekstraraðila í eftirliti nú var staðfest að Efnaeiming ehf. rekur starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis að Völuteig 8 í Mosfellsbæ. Starfsemin er starfsleyfisskyld, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frávik frá

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lýsing á frávik

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki skráður hjá Umhverfisstofnun. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf - og strandsvæða.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.09.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir